

Norðurþing

Ársreikningur

2018

Norðurþing
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík
kt. 640169-5599

Norðurþing

Ársreikningur

2018

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra	2
Áritun óháðra endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9
Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar uppl.	24

Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Ársreikningur Norðurbings er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 4.721 milljón króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 4.316 milljónum króna. Rekstrartekjur A hluta námu 3.606 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 3.267 milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 457 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 156 milljónum króna jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 460 milljónir króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 162 milljón króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 2.029 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af var eigið fé A hluta um 803 milljónir króna.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 2.380 milljónum króna en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 264 stöðugildum.

Íbúafjöldi Norðurbings í árslok 2018 var 3.043 og fækkaði um 191 frá fyrra ári.

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir sveitarfélagið yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar í viðauka með ársreikningi.

Ársreikningur Norðurbings fyrir árið 2018 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Húsavík, 16. apríl 2019

Sveitarstjóri:

Christin Þor Magnúsdóttir

Byggðarráð:

Kolbrinn Adalinnarson.
Bergur Einar Ágústsson.

Helena Eydis Lugólfssdóttir

Sveitarstjórn Norðurbings staðfestir hér með ársreikning Norðurbings fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Húsavík, 19/5 2019

Sveitarstjórn:

Jonas Pálsson

Christin Þor Magnúsdóttir

Sigríður Pálsson

Hafgrín Ólgeirsdóttir

Heiðbjört Ólafsdóttir

Núða Skaldórsson

Brylga Sveinbjörnsdóttir

Harald Ágústsson

Ólafur Pálsson

Áritun óháðra endurskoðenda

Til sveitarstjórnar Norðurþings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Norðurþings fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Norðurþings á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Norðurþingi í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Engar megináherslur voru skilgreindar í endurskoðunarvinnu okkar.

Aðrar upplýsingar

Sveitarstjórn og sveitarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra og yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil sveitarfélaga. Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðra endurskoðenda

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álit okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við sveitarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Húsavík, 14. maí 2019.

Deloitte ehf.

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi

Ragnar Jóhann Jónsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2018

Skýr.	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2018	Áætlun	2017	2018	Áætlun	2017
Rekstrartekjur						
Skatttekjur	2.143.208	2.041.954	1.939.923	2.132.779	2.029.454	1.927.943
Framlög jöfnunarsjóðs	653.204	607.877	664.327	653.204	607.877	664.327
Aðrar tekjur	809.621	617.098	697.296	1.934.791	1.678.765	1.873.473
3	3.606.033	3.266.929	3.301.546	4.720.774	4.316.096	4.465.744
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	4 (2.015.876)	(2.064.682)	(2.083.731)	(2.379.632)	(2.409.094)	(2.356.323)
Annar rekstrarkostnaður	(951.124)	(882.558)	(878.752)	(1.336.833)	(1.281.627)	(1.298.175)
	(2.966.999)	(2.947.240)	(2.962.483)	(3.716.465)	(3.690.721)	(3.654.498)
Rekstrarn. fyrir afskriftir						
Afskriftir	7 639.033	319.689	339.063	1.004.310	625.375	811.246
	(66.328)	(77.824)	(61.701)	(319.945)	(291.792)	(257.520)
Rekstrarniðurst. án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda						
Fjármunat. og fjármagnsgjöld ..	5 (112.357)	(80.079)	(40.939)	(229.774)	(177.982)	(170.949)
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta						
Tekjuskattur	0	0	0	(5.816)	(9.566)	(14.202)
Hlutdeild minnihluta	0	0	0	7.999	9.500	(7.590)
Rekstrarniðurstaða ársins						
	460.349	161.786	236.423	456.774	155.535	360.985

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Fastafjármunir					
Fasteignir og lóðir	7	2.904.065	2.723.157	3.643.934	3.501.510
Veitukerfi og hafnarmannvirki	7	0	0	2.558.460	2.663.040
Aðrar eignir	7	577.059	183.573	602.894	204.581
Leigðar eignir	7	26.661	27.496	26.661	27.496
Eignarhlutir í öðrum félögum	8	365.037	364.226	344.953	321.485
Reiknuð skattinneign		0	0	66.410	63.572
Langtímakröfur	9	273.689	315.947	12.390	11.719
Fyrirframgreiddur kostnaður	20	239.049	0	239.049	0
		4.385.560	3.614.398	7.494.750	6.793.403
Veltufjármunir					
Birgðir		0	24	1.400	983
Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur	11	391.358	379.284	437.462	476.598
Næsta árs- og gjaldf. afb af langtímakröfum	9	2.602	2.437	1.674	1.585
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		83.557	91.893	0	0
Aðrar skammtímakröfur		62.156	210.386	66.125	265.308
Markaðsverðbréf		0	0	233.116	224.131
Handbært fé		404.955	375.105	799.646	614.160
		944.629	1.059.129	1.539.424	1.582.766
Eignir		5.330.188	4.673.527	9.034.174	8.376.168

31. desember 2018

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Eigið fé	12				
Eiginfjárreikningur		802.708	152.759	2.047.137	1.404.233
Hlutdeild minnihluta í eigin fé		0	0	(18.462)	(18.324)
Eigið fé		802.708	152.759	2.028.675	1.385.908
Langtímaskuldir og skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbindingar	13	1.944.320	1.937.400	2.023.251	2.031.445
Skuldir við lánastofnanir	14	1.895.193	1.728.464	2.935.718	2.782.849
Aðrar langtímaskuldir	14	0	0	1.152.131	1.075.960
Leiguskuldir	15	14.594	17.865	14.594	17.865
		3.854.107	3.683.729	6.125.695	5.908.120
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir		160.222	228.300	205.102	305.669
Skuldir við eigin fyrirtæki		17.298	15.554	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	14	163.395	161.702	211.816	217.410
Næsta árs afborganir leiguskulda	15	3.852	3.493	3.852	3.493
Næsta árs afb lífeyrisskuldbinding	13	72.326	66.006	80.478	74.335
Aðrar skammtímaskuldir		256.282	361.983	378.556	481.232
		673.373	837.039	879.804	1.082.140
Skuldir		4.527.480	4.520.768	7.005.499	6.990.260
Eigið fé og skuldir		5.330.188	4.673.527	9.034.174	8.376.168

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018

Skýr.	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2018	Áætlun	2017	2018	Áætlun	2017
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarniðurstaða ársins	460.349	161.786	236.423	456.774	155.535	360.985
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir og virðisráðun	7 66.328	77.824	61.701	319.945	291.792	257.520
Hagnaður af sölu eigna	(344)	0	(33.305)	(21.568)	(44.000)	(122.804)
Niðurf. eignarhl. í öðrum félögum	(811)	0	3.929	4.087	0	2.248
Verðb. og gengism. langtímalíða	55.477	39.251	63.916	124.224	99.567	59.333
Hlutdeild minnihluta	0	0	0	(7.999)	(9.500)	7.590
Skatteign, breyting	0	0	0	(2.838)	0	(2.594)
Hækkun skuldbindinga	104.795	165.000	309.160	97.453	165.000	265.746
Veltufé frá rekstri	685.794	443.861	641.824	970.078	658.394	828.023
Br. á rekstartengdum eignum	156.836	(6.224)	(121.200)	228.033	(6.224)	(110.545)
Br. á rekstartengdum skuldum	(188.347)		97.404	(209.653)	0	141.509
Greitt vegna lífeyrisskuldbindinga	(89.073)	0	(89.088)	(97.021)	0	(103.898)
Handbært fé frá rekstri	565.210	437.637	528.941	891.438	652.170	755.089
Fjárfestingahreyfingar						
Fjárf. í varanl. rekstrarfjárm.	(451.842)	(523.000)	(211.466)	(574.061)	(712.563)	(743.351)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	1.900		43.593	29.961	61.000	168.193
Fyrirframgr. langtímakostnaður	(250.717)	0	0	(250.717)	0	0
Fjárf. í eignarhl. í öðrum félögum	0	0	0	(25.554)	(82.000)	(9.231)
Markaðsverðbréf	0	0	0		0	620.028
Langtímakröfur, breyting	98.755	2.357	0	9.720	1.574	3.723
Skammtímakröfur, breyting	0	0	0	0	106	0
	(601.904)	(520.643)	(167.873)	(810.651)	(731.883)	39.361
Fjármögnunarhreyfingar						
Tekin ný langtímalán	262.000	100.000	0	299.679	160.000	487.859
Afborganir langtímalána	(208.630)	(167.689)	(194.731)	(226.540)	(258.885)	(897.931)
Innborganir frá eignaraðilum	0	0	0	7.775	6.001	7.089
Skammtímalán, breyting	0	(37.308)	(37.308)	20.690	(37.308)	(44.513)
Viðskiptar. eigin fyrirt., breyting	10.079	(9.965)	124.379	0	0	0
Fyrirfram innh. tekjur breyting	3.096	0	(71.844)	3.096	0	(71.844)
	66.544	(114.962)	(179.504)	104.699	(130.192)	(519.341)
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár	29.850	(197.968)	181.564	185.486	(209.905)	275.109
Handbært fé í upphafi árs	375.105	425.938	193.542	614.160	513.890	339.051
Handbært fé í lok árs	404.955	227.970	375.105	799.646	303.985	614.160

1. Almennar upplýsingar

Sveitarfélagið Norðurþing varð til árið 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga: Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps. Nær það yfir rúmlega 4% landsins, frá Reykjahverfi í Suður Þingeyjarsýslu að Ormarsá austan við Raufarhöfn og upp fyrir Grímsstaði á Fjöllum, í Norður Þingeyjarsýslu. Þéttbýliskjarnarnir í sveitarfélaginu eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Í lok árs 2018 voru íbúar sveitarfélagsins 3.043.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B hluta. Til A hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð.

Til B hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru: Félagslegar íbúðir, Hafnasjóður, Orkuveita Húsavíkur ohf., Dvalarheimili aldraðra sf., Leigufélagið Hvammur ehf. og Fjárfestingafélag Norðurþings ehf.

Ársreikningur Norðurþings fyrir árið 2018 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning fyrir A og B hlutann.

Fjárhagsáætlun Norðurþings fyrir árið 2018 með viðaukum er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi. Samanburð á fjárhagsáætlun með viðaukum við upphaflega fjárhagsáætlun má sjá í skýringu númer 19 í ársreikningnum.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við svitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að lóðir og lendur hjá Eignasjóði hafa verið endurmetnar.

Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitasjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Þjónustumiðsvöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitasjóðs og B hluta fyrirtækja. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattfígildi, svo sem lóðarleiga. Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra. Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda.

Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag og gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

Tekjuskattur

Tekjuskattur vegna skattskyldrar starfsemi Orkuveitu Húsavíkur ohf. er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur hjá Eignasjóði eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2009 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga, 2/2010 Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélagið færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna Eignasjóðs, lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru þær metnar til gangvirðis, en þó eigi herra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur Eignasjóðs eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Eignarhlutar í félögum

Í ársreikningnum eru eignarhlutar í öðrum félögum færðir á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Sjóðir, bankainnstæður og peningamarkaðslán teljast til handbærs fjár.

Eignir utan efnahagsreiknings

Lönd í eigu aðalsjóðs eru ekki færð til eignar í efnahagsreikningi. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem skuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2018. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna sé það lægra.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	2018	Fjárhags- áætlun 2018	2018	Fjárhags- áætlun 2018
Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Útsvör.....	1.816.305	1.730.595	1.816.305	1.730.595
Fasteignaskattur og lóðarleiga.....	326.903	311.359	316.475	298.859
	<u>2.143.208</u>	<u>2.041.954</u>	<u>2.132.779</u>	<u>2.029.454</u>
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Framlag vegna fasteignagjalda.....	195.136	200.356	195.136	200.356
Útgjaldajöfnunarframlag.....	406.154	375.358	406.154	375.358
Framlög vegna grunnskóla.....	24.710	16.842	24.710	16.842
Önnur framlög.....	27.204	15.320	27.204	15.320
	<u>653.204</u>	<u>607.877</u>	<u>653.204</u>	<u>607.877</u>
Aðrar tekjur.....	809.621	617.098	1.934.791	1.678.765
Rekstrartekjur samtals.....	<u>3.606.033</u>	<u>3.266.929</u>	<u>4.720.774</u>	<u>4.316.096</u>

Skýringar

3. Rekstrartekjur (framhald)

Álagningarhlutföll

Útsvar.....	14,520%
Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði.....	0,575%
Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði	1,650%

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	2018	Fjárhags- áætlun 2018	2018	Fjárhags- áætlun 2018
Laun.....	1.550.638	1.458.195	1.852.447	1.728.192
Launatengd gjöld.....	360.443	351.717	429.732	413.188
Breyting á lífeyrisskuldbindingu.....	102.312	254.770	94.970	267.714
Framlag vegna Brú lífeyrissjóður.....	2.483	0	2.483	0
Laun og launatengd gjöld samtals.....	2.015.876	2.064.682	2.379.632	2.409.094
Stöðugildi að meðaltali 2018.....	224		264	

Laun sveitastjórnar og sveitastjóra námu 43,7 milljónum króna á árinu 2018.

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	A hluti		A og B hluti	
	2018	Fjárhags- áætlun 2018	2018	Fjárhags- áætlun 2018
Vaxtatekjur og verðbætur	1.917	37.434	30.635	0
Arður af eignarhlutum	12.502	18.000	12.502	31.796
Aðrar vaxtatekjur	19.571	0	0	0
Vaxtagjöld	(78.524)	(41.750)	(138.978)	(109.321)
Verðbætur og gengismunur	(68.634)	(93.763)	(130.969)	(100.457)
Niðurfærsla hlutabréfaeignar	811	0	(2.963)	0
	(112.357)	(80.079)	(229.774)	(177.982)

6. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
Skatttekjur.....		2.842.843	2.842.843	2.690.831
Félagsþjónusta.....	453.923	338.994	(114.929)	(191.385)
Heilbrigðismál.....	0	0	0	0
Fræðslumál.....	1.250.215	132.334	(1.117.881)	(1.091.251)
Menningarmál.....	55.453	2	(55.451)	(51.919)
Æskulýðs- og íþróttamál.....	277.653	59.732	(217.920)	(206.698)
Brunamál og almannavarnir.....	86.039	41.146	(44.893)	(50.197)
Hreinlætismál.....	73.000	63.126	(9.874)	(4.399)
Skipulags- og byggingarmál.....	45.834	2.807	(43.027)	(44.394)
Samgöngumál.....	140.810	1.000	(139.810)	(120.007)
Umhverfismál.....	71.230	4.075	(67.155)	(76.156)
Atvinnumál.....	36.104	17.631	(18.473)	(14.033)
Sameiginlegur kostnaður.....	341.933	65.966	(275.967)	(274.168)
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	104.795	0	(104.795)	(254.770)
Sérstök framlög til Eignasjóðs og Þjónustumiðstöðvar.....	76.000	0	(76.000)	(76.000)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	116.075	196.133	80.057	114.312
Aðalsjóður samtals.....	3.129.065	3.765.790	636.725	349.766
A-hluta stofnanir:				
Eignasjóður	405.710	269.422	(136.288)	(149.134)
Þjónustumiðstöð.....	198.001	157.914	(40.088)	(38.846)
Innri færslur A hluta.....	(390.960)	(390.960)	0	0
A hluti samtals.....	3.341.816	3.802.165	460.349	161.786
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
B-hluta fyrirtæki:				
Félagslegar íbúðir.....	65.767	70.774	5.007	24.598
Hafnasjóður Norðurlþings.....	248.822	185.805	(63.017)	(86.371)
Orkuveita Húsavíkur ohf.....	326.255	377.414	51.160	38.262
Leigufélagið Hvammur ehf.....	29.152	19.633	(9.519)	(5.718)
Dvalarheimili aldraðra sf.....	546.191	526.748	(19.444)	(18.241)
Innri færslur A og B hluta.....	(97.869)	(65.632)	32.237	41.218
A og B hluti samtals.....	4.460.133	4.916.907	456.774	155.535

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

A hluti

	Fasteignir og lóðir	Veitukerfi og hafnir	Aðrar eignir	Leigðar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun	3.709.677	0	518.006	33.413	4.261.096
Endurmat á lóðum og lendum	189.600	0	0	0	189.600
Eignfært á árinu	40.922	0	410.921	0	451.842
Selt og aflagt á árinu		0	(2.800)	0	(2.800)
Staða í árslok	3.940.199	0	926.127	33.413	4.899.739
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	986.520	0	334.433	5.917	1.326.870
Afskrift ársins	49.614	0	15.879	835	66.328
Selt og aflagt á árinu	0	0	(1.244)	0	(1.244)
Staða í árslok	1.036.134	0	349.068	6.752	1.391.954
Bókfært verð					
Bókfært verð í ársbyrjun	2.723.157	0	183.573	27.496	2.934.226
Bókfært verð í árslok	2.904.065	0	577.059	26.661	3.507.785
Afskriftarhlutföll	2,5-4%	1-10%	10-20%	2,5%	

A og B hluti

	Fasteignir og lóðir	Veitukerfi, og hafnir	Aðrar eignir	Leigðar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun	5.208.971	5.927.115	603.529	33.413	11.773.028
Endurmat á lóðum og lendum	189.600	0	0	0	189.600
Eignfært á árinu	40.922	113.411	419.728	0	574.061
Selt og aflagt á árinu	(11.099)	(54.090)	(2.800)	0	(67.989)
Staða í árslok	5.428.394	5.986.436	1.020.457	33.413	12.468.700
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	1.707.461	3.264.075	398.948	5.917	5.376.402
Afskrift ársins	81.260	217.991	19.860	835	319.945
Selt og aflagt á árinu	(4.261)	(54.090)	(1.244)	0	(59.596)
Staða í árslok	1.784.460	3.427.976	417.563	6.752	5.636.751
Bókfært verð					
Bókfært verð í ársbyrjun	3.501.510	2.663.040	204.581	27.496	6.396.627
Bókfært verð í árslok	3.643.934	2.558.460	602.894	26.661	6.831.949
Afskriftarhlutföll	2-6%	1-10%	10-20%	2,5%	
Afskriftir ársins greinast þannig:					
				A hluti	A og B hluti
Varanlegir rekstrarfjármunir				66.328	319.945
				66.328	319.945

7. Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

Fasteignamat og brunabótamat fasteigna, veitukerfa, hafnamannvirkja og gatna sveitarfélagsins greinist þannig í árslok:

A hluti	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat
Skólahúsnæði	920.153	3.903.835
Íþróttahús og sundlaugar	380.822	1.461.150
Þjónustuhúsnæði	341.172	738.127
Aðrar fasteignir	1.826.731	6.981.300
Lóðir og lendur	259.168	0
	<u>3.728.046</u>	<u>13.084.412</u>
 B hluti	 Fasteigna- mat	 Brunabóta- mat
Félagslegar íbúðir	499.244	1.017.950
Orkuveita Húsavíkur	147.142	429.690
Dvalarheimili aldraðra	737.803	2.256.850
Leigufélagið Hvammur	252.440	353.110
Aðrar fasteignir B hluta	37.799	170.930
	<u>1.674.428</u>	<u>4.228.530</u>
 Samtals A og B hluti	 <u>5.402.474</u>	 <u>17.312.942</u>

Tryggingaverð lausafjármuna greinist þannig:

Stjórnsýsluhús	72.575
Skólar	329.958
Íþróttahöll og sundlaug	49.229
Félagsheimili	20.365
Þjónustumiðstöð	98.739
Hafnasjóður	10.970
Orkuveita Húsavíkur	370.082
	<u>951.918</u>

Skýringar

8. Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	A hluti	A og B hluti
		Kostnaðarverð	
Eignarhlutar í öðrum félögum			
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf.	47,20%	7.936	7.936
Hvalamiðstöðin á Húsavík ehf.	15,44%	0	325
Greið leið ehf.	3,95%	0	13.635
Íslensk orka hf.	31,45%	0	45.043
Hrafnabjargavirkjun hf.	48,75%	0	20.942
Garðarsstofa ehf.	100,00%	500	700
Hitaveita Öxafjarðar hf.	52,67%	0	34.269
Rífós hf.	2,48%	0	3.655
Seljalax hf.	26,08%	0	11.028
Fjallalamb hf.	17,00%	0	23.105
Landskerfi bókasafna ehf.	13,00%	94	94
Silfurstjarnan hf.	0,00%	0	1.338
Síldarvinnslan hf.	0,00%	0	112
Orkuveita Húsavíkur ehf.	100,00%	85.349	0
Fjárfestingafélag Norðurþings	100,00%	105.628	0
Leigufélag Hvamms ehf.	76,29%	102.621	0
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	2,22%	196.845	196.845
Skúlagarður-fasteignafélag ehf.	48,50%	23.007	23.007
Sjóböð ehf.	13,78%	0	28.610
Mýsköpun ehf.	5,00%	0	500
Verslunarhúsið á Kópaskeri ehf.	10,03%	800	800
Sparisjóður Suður-Þingeyinga	3,33%	0	5.000
		522.780	416.942
Niðurfærsla hlutabréfaeignar		(157.743)	(71.989)
		365.037	344.953

9. Langtímakröfur

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Næsta árs afborganir	2.602	1.674
Afborganir 2020	2.708	1.674
Afborganir 2021	2.819	1.674
Afborganir 2022	2.934	1.674
Afborganir 2023	3.053	1.674
Afborganir síðar	262.175	5.692
	276.291	14.064
Næsta árs afborganir.....	(2.602)	(1.674)
	273.689	12.390

10. Tekjuskattsinneign

Reiknuð tekjuskattsinneign skiptist þannig:

	A og B hluti
Varanlegir rekstrarfjármunir	49.758
Lífeyrisskuldbinding	16.333
Viðskiptakröfur	778
Aðrir liðir	(459)
	66.410

Skýringar

11. Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Breytingar á niðurfærslu óinnheimtra skatttekna og viðskiptakrafna greinist þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Staða í ársbyrjun	39.094	37.435	44.594	43.935
Tapaðar kröfur á árinu	0	0	0	0
Breyting niðurfærslu á árinu.....	(1.535)	1.659	(835)	659
Staða í árslok	37.559	39.094	43.759	44.594

12. Eigið fé

Yfirlit yfir eiginfjárreikning:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1.2018.....	152.759	1.385.908
Endurmat láða og lendna.....	189.600	189.600
Aðrar breytingar.....	0	(3.607)
Rekstrarniðurstaða ársins	460.349	456.774
Eigið fé 31.12.2018.....	802.708	2.028.675

13. Lífeyrisskuldbinding

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á áunnum lífeyrissréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurbæjar námu skuldbindingar A hluta 2.016 millj. kr. og A og B hluta 2.104 millj. kr. í árslok 2018 miðað við 2,0% ársvexti umfram hækkanir á lífeyrissréttindum. Breyting skuldbindinganna greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Lífeyrisskuldbinding 1.1.2018.....	2.003.406	2.105.781
Greitt á árinu.....	(89.073)	(97.021)
Gjaldfært á árinu.....	102.312	94.970
Lífeyrisskuldbinding 31.12.2018.....	2.016.645	2.103.729

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

Árin 2019 - 2033.....	1.244.561	1.305.444
Síðar.....	772.084	798.285
	2.016.645	2.103.729

14. Langtímaskuldir

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Skuldir í CHF	31.982	34.789	31.982	34.789
Skuldir í EUR	45.424	42.636	133.600	125.400
Skuldir í JPY	13.796	14.676	13.796	14.676
Skuldir í ISK	1.967.385	1.798.064	4.120.288	3.901.354
	2.058.587	1.890.166	4.299.666	4.076.219
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(163.395)	(161.702)	(211.816)	(217.410)
Langtímaskuldir í árslok	1.895.193	1.728.464	4.087.849	3.858.809

Skýringar

14. Langtímaskuldir (framhald)

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Næsta árs afborganir	163.395	211.816
Afborganir 2020	184.465	299.848
Afborganir 2021	148.945	190.883
Afborganir 2022	132.779	174.845
Afborganir 2023	125.391	167.006
Afborganir síðar	1.303.612	3.255.268
	<u>2.058.587</u>	<u>4.299.666</u>

15. Leigusamningar

Sveitarfélagið hefur gert leigusamning um fasteign sem færður er til skuldar. Leigusamningurinn er tengdur vísitölu neysluverðs og greinist þannig:

Leiguskuldir þ.m.t. næsta árs afborgun.....	18.446
Næsta árs afborgun.....	(3.852)
Langtímahluti leiguskuldar.....	<u>14.594</u>

Aðrar upplýsingar um leigusamning:

	Leigutími	Afvöxtunar- stuðull	Ónúvirt leigufjárhæð
Leikskóli Íðavöllum 1, leikskólaeiningar.....	2010-2023	4,7%	21.398
			<u>21.398</u>

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur samninga greinast þannig:

Næsta árs greiðsla.....	4.986
Árið 2020.....	4.986
Árið 2021.....	4.986
Árið 2022.....	4.986
Árið 2023.....	1.454
	<u>21.398</u>

Skýringar

16. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
Aðalsjóður	100%	5.424.493	3.738.963	1.685.531
Eignasjóður	100%	3.482.655	4.207.794	(725.139)
Þjónustumiðstöðstöð	100%	28.667	186.351	(157.684)
Innri færslur A hluta	100%	(3.605.627)	(3.605.627)	0
A hluti samtals		5.330.188	4.527.480	802.708
Fjárfestingafélag Norðurlþings	100%	56.687	0	56.687
Félagslegar íbúðir	100%	157.335	434.380	(277.046)
Hafnasjóður	100%	1.312.877	1.724.294	(411.417)
Orkuveita Húsavíkur	100%	2.068.317	161.117	1.907.200
Leigufélag Hvamms ehf.	76,3%	153.786	196.071	(42.285)
Dvalarheimili aldraðra sf.	70,3%	357.710	370.375	(12.665)
Innri færslur A og B hluta		(601.643)	(625.628)	23.985
Heildarstaða sveitarfélagsins í árslok		8.835.256	6.788.089	2.047.168
Hlutdeild minnihlutaeigenda		198.918	217.410	(18.492)
Heildarstaða eigna og skulda í árslok		9.034.174	7.005.499	2.028.675

17. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í bæjarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Öll viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og í viðskiptum við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

18. Yfirlit um lykiltölur

	A hluti		A og B hluti	
	2018	Fjárhags- áætlun 2018	2018	Fjárhags- áætlun 2018
Í hlutfalli við rekstrartekjur:				
Skatttekjur	59,4%	62,5%	45,2%	47,0%
Framlög jöfnunarsjóðs	18,1%	18,6%	13,8%	14,1%
Aðrar tekjur	22,5%	18,9%	41,0%	38,9%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld.....	55,9%	63,2%	50,4%	55,8%
Laun og launat. gjöld án breytinga lífeyrisskuldbindinga.....	53,1%	55,4%	48,4%	49,6%
Annar rekstrarkostnaður.....	26,4%	27,0%	28,3%	29,7%
Fjármagnsliðir, nettó.....	3,1%	2,5%	4,9%	4,1%
Rekstrargjöld og fjármagnsliðir.....	85,4%	92,7%	83,6%	89,6%
Rekstrarniðurstaða.....	12,8%	5,0%	9,7%	3,6%

Skýringar

18. Yfirlit um lykiltölur (framhald)

	A hluti		A og B hluti	
	2018	Fjárhags- áætlun 2018	2018	Fjárhags- áætlun 2018
Í þúsundum króna á íbúa:				
Rekstur:				
Skatttekjur og jöfnunarsjóður.....	919	871	916	867
Aðrar tekjur.....	266	203	636	552
Rekstrartekjur samtals.....	1.185	1.074	1.551	1.418
Rekstrargjöld, fjármagnsliðir og skattar.....	1.034	1.020	1.404	1.370
Rekstrarniðurstaða ársins	151	53	147	48

	A hluti		A og B hluti	
	Árið 2018	Árið 2017	Árið 2018	Árið 2017
Efnahagur:				
Eignir.....	1.752	1.445	2.969	2.590
Eigið fé.....	264	47	667	429
Skuldir og skuldbindingar.....	1.488	1.398	2.302	2.161

Aðrar lykiltölur:

Veltufjárhlutfall.....	1,40	1,27	1,75	1,46
Eiginfjárhlutfall.....	15%	3%	22%	17%
Heildarskuldir og skuldbindingar sem hlutfall af tekjum.....	126%	137%	148%	157%
Skuldahlutafall skv. reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarf.....	71%	106%	94%	127%
Skuldahlutafall ársins 2017 miðað við núgildandi reglur.....		81%		103%

Breyting á íbúafjölda

	2018	2017
Íbúafjöldi í árslok.....	3.043	3.234

Tekjur	Hlutfall af		Hlutfall af		Hlutfall af	
	2018	heildartekjum	2017	heildartekjum	2016	heildartekjum
Útsvör.....	1.816.305	38,5%	1.697.322	38,0%	1.447.804	36,5%
Fasteignaskattur.....	316.475	6,7%	230.621	5,2%	212.342	5,4%
Framlag úr Jöfnunarsj. sveitarf.....	653.204	13,8%	664.327	14,9%	639.246	16,1%
Skatttekjur.....	2.785.983	59,0%	2.592.270	58,0%	2.299.393	58,0%
Aðrar tekjur.....	1.934.791	41,0%	1.873.473	42,0%	1.667.482	42,0%
Heildartekjur samtals.....	4.720.774	100,0%	4.465.744	100,0%	3.966.874	100,0%

Skýringar

18. Yfirlit um lykiltölur (framhald)

Gjöld

Launaliðir.....	2.379.632	50,4%	2.356.323	52,8%	2.168.070	54,7%
Annar rekstrarkostnaður.....	1.336.833	28,3%	1.298.175	29,1%	1.260.149	31,8%
Afskriftir.....	319.945	6,8%	257.520	5,8%	230.157	5,8%
Fjármagnsliðir, nettó.....	229.774	4,9%	170.949	3,8%	(5.970)	-0,2%
Hlutdeild minnihluta.....	(7.999)	-0,2%	7.590	0,2%	(5.294)	-0,1%
Skattar.....	5.816	0,1%	14.202	0,3%	37.891	1,0%
	<u>4.264.001</u>	<u>90,3%</u>	<u>4.104.759</u>	<u>91,9%</u>	<u>3.685.003</u>	<u>92,9%</u>
Rekstrarniðurstaða.....	456.774	9,7%	360.985	8,1%	281.871	7,1%

Í þúsundum króna á íbúa

Íbúafjöldi.....	3.043	3.234	3.000
Heildartekjur.....	1.551	1.381	1.322
Skatttekjur á íbúa.....	916	802	766
Launaliðir.....	782	729	723
Annar kostnaður og afskriftir.....	544	481	497
Fjármagnsliðir, nettó.....	76	53	(2)

19. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sem birt er í rekstrarreikningi, sjóðstreymi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins er samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Upphafleg fjárhagsáætlun er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins. Ekki var gerður formlegur viðauki vegna ársins 2017.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur.....	2.041.954		2.041.954	2.029.454	0	2.029.454
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	607.877		607.877	607.877	0	607.877
Aðrar tekjur.....	617.098		617.098	1.678.765	0	1.678.765
	<u>3.266.929</u>	<u>0</u>	<u>3.266.929</u>	<u>4.316.096</u>	<u>0</u>	<u>4.316.096</u>
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld.....	2.064.682	0	2.064.682	2.409.094	0	2.409.094
Annar rekstrarkostnaður.....	882.558	0	882.558	1.281.627	0	1.281.627
Afskriftir.....	77.824	0	77.824	291.792	0	291.792
	<u>3.025.064</u>	<u>0</u>	<u>3.025.064</u>	<u>3.982.513</u>	<u>0</u>	<u>3.982.513</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármuna-tekna og fjármagnsgjalda.....	241.865	0	241.865	333.583	0	333.583

Skýringar

19. Fjárhagsáætlun (framhald)

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	(80.079)	0	(80.079)	(177.982)	0	(177.982)
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	9.500	0	9.500
Tekjuskattur.....	0	0	0	(9.566)	0	(9.566)
Rekstrarniðurstaða.....	161.786	0	161.786	155.535	0	155.535

20. Ábyrgðir utan efnahagsreiknings og önnur mál

Norðurþing er í ábyrgð fyrir öllum lífeyrisskuldbindingum Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurbæjar. Auk Norðurþings greiða ýmsar stofnanir og félög á Húsavík til sjóðsins vegna lífeyrisgreiðslna til fyrrverandi starfsmanna sinna. Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á árinu 1998. Heildar áfallnar skuldbindingar sjóðsins umfram eignir námu um 2.537 milljón króna í árslok 2018 samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt.

Samkomulag við Brú lífeyrissjóð

Þann 19. september 2016 var gert samkomulag milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (Brú) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingarnar eru réttindi virkra sjóðfélaga tryggt með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhliða þessu samkomulagi gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016.

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 um ársreikninga sveitarfélaga þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjors.

Í byrjun árs 2018 samþykkti sveitarstjórn Norðurþings samkomulag um uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu Brúar þann 31. maí 2017.

Í heild nam uppgjórið við Brú 361,4 milljónum króna og var það fjármagnað með láni frá Lánasjóði sveitarfélaga og greitt í febrúar 2018. Um er að ræða framlag í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð og er skipting þess eftirfarandi:

- Framlag í jafnvægisjóð nemur 98,6 milljónum króna og er því ætlað að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi. Framlagið er gjaldfært að fullu á árinu 2017 og á móti sem skuld meðal skammtímaskulda í árslok.

- Framlag í lífeyrisaukasjóð nemur 237,2 milljónum króna og er því ætlað að mæta framtíðarskuldbindingum vegna lífeyrisauka. Framlagið verður eignfært í reikningsskilum sveitarfélagsins á árinu 2018 og gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.

- Framlag í varúðarsjóð nemur 25,5 milljónum króna og er því ætlað að styðja við lífeyrisaukasjóð. Framlagið verður eignfært í reikningsskilum sveitarfélagsins á árinu 2018 og gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Í ársreikningi 2017 eru gjaldfærðar 10,6 milljónir króna meðal launa og launatengdra gjalda vegna þess hluta framlags í lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð sem tilheyrir árinu 2017 og á móti er færð sambærileg skuld meðal skammtímaskulda.

20. Ábyrgðir utan efnahagsreiknings og önnur mál (framhald)

Samkomulag við Brú lífeyrissjóð (framhald)

Gjaldfærsla vegna uppgjörans og staða fyrirframgreiðslunnar greinist þannig á árunum 2018 og 2017 :

	Jafnvægis- sjóður	Lífeyrisauka- sjóður	Varúðar- sjóður	Samtals
Gjaldfært á árinu 2017	(98.600)	(4.613)	(7.446)	(110.659)
Skuld við Brú lífeyrissjóð 31.12.2017	(98.600)	(4.613)	(7.446)	(110.659)
Uppgjör við Brú lífeyrissjóð í febrúar 2018	98.600	237.246	25.530	361.376
Bókfærð staða fyrirframgreiðslu 2018	0	232.633	18.084	250.717
Gjaldfærsla ársins 2018	0	(7.908)	(1.276)	(9.185)
Leiðrétt gjaldfærsla ársins 2017	0	0	6.702	6.702
Gjaldfært á árinu 2018	0	(7.908)	5.425	(2.483)
Staða fyrirframgreiðslu 2018	0	224.725	23.509	248.234

Fyrirframgreiðslan greinist þannig 31.12.2018:

Gjaldf. næsta árs færð meðal veltufjármuna	0	7.908	1.276	9.185
Langtímahluti fyrirframgreiðslu	0	216.817	22.232	239.049
Samtals eignfært í efnahagsreikningi	0	224.725	23.509	248.234

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Yfirlýsing um stjórnarhætti

Um stjórnarhætti sveitarfélagsins gilda sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, með síðari breytingum og samþykkt um stjórn og fundarsköp Norðurlands nr. 170 frá 11. febrúar 2016 ásamt samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Norðurlands frá 23. maí 2018. Sveitarstjórn er kjörin í almennum kosningum af íbúum sveitarfélagsins á fjögurra ára fresti.

Norðurland hefur gefið út skuldabréf sem skráð eru í kauphöll og hlýtur því reglum fyrir útgefendur fjármálagæringa sem Kauphöll Íslands gefur út.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um að sveitarfélagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi í samræmi við markmið sveitarfélagsins, að það veiti áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og það hlíti lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Um áhættustýringu er vísað til ákvæða í VII. kafla sveitarstjórnarlaga, s.s. um fjárstjórnarvald, bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins, ábyrgð meðferð fjármuna, miklar fjárfestingar og skuldbindingar og takmarkanir er varða veðsetningar og ábyrgðaveitingar. Sveitarfélagið fer að ákvæðum sveitarstjórnarlaga hvað þetta varðar. Til að tryggja að reikningsskil sveitarfélagsins séu í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um bókhald og ársreikninga sem og settar reikningsskilareglur hefur sveitarfélagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið og eðlilega aðgreiningu starfa.

Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn, nefndum, ráðum og stjórnunum á vegum sveitarfélagsins er tilgreindur í samþykkt um stjórn og fundarsköp Norðurlands sem aðgengileg er á heimasíðu þess. Á heimasíðunni má einnig sjá hverjir sitja í einstaka nefndum, ráðum og stjórnunum.

Í 2. tölulið 44. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram regla um kynjahlutföll í nefndum sem sveitarstjórn velur í. Sveitarfélagið gætir að þessum reglum við skipan í nefndir. Að því er sveitarstjórnina varðar ræðst samsetningin af röðun framboðslista og niðurstöðum kosninga til sveitarstjórnar. Í sveitarstjórn eru nú 9 fulltrúar, 5 karlar og 4 konur, með ólíkan bakgrunn og menntun.

Um siðareglur og góða starfshætti er fjallað í 29. gr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarfélagið hefur sett sér siðareglur, dagsettar 19. júní 2018, sem aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstæð stjórnvöld sem er stjórnað af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnunum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er falið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup. Einnig eru í gildi siðareglur dagsettar 19. júní 2018 sem settar hafa verið á grundvelli 29. gr. sveitarstjórnarlaga og aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

Engin veruleg frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins sem tengist umhverfis-, félags- og/eða starfsmannamálum, mannréttindamálum eða spillingar- og mútumálum.